



RANGÁRÞÍNG YTRA

Nefndasvið Alþingis
b.t. Umhverfis- og samgöngunefndar

Hellu 20. mars 2025

Umsögn Rangárþings ytra um tillögu til þingsályktunar um breytingu á þingsályktun nr. 24/152 um vernd og orkunýtingu landsvæða.

Sveitarstjórn Rangárþings vill koma á framfæri umsögn er snýr að þeim orkunýtingarkostum sem eru í eða áhrifasvæði Rangárþings ytra og Umhverfis- og samgöngunefnd er að fjalla um.

Með því að klára að virkja neðri hluta Þjórsár ásamt því að framkvæma allar aflaukningar og stækkanir virkjana í efri hluta Þjórsár og Tungnaársvæðisins er hægt að fara með uppsett afl vatnsaflsvirkjana á Þjórsár- og Tungnaársvæðinu í tæplega 1.700 MW. Svæðið spilar því lykilhlutverk í orkuskiptum með grænni orku og efnahagslegri uppbyggingu Íslands. Núverandi flutningslínur frá Þjórsár- og Tungnaársvæðinu, fimm háspennulínur sem hringtengja höfuðborgarsvæðið, anna flutningi þessarar raforkuframleiðslu og er því ekki hægt að finna hagkvæmari uppbyggingu orkumannvirkja á Íslandi og umhverfisáhrif þeirra í lágmarki í samanburði við þann mikla ávinning sem hlýst af því að virkja allt svæðið. Svæðið mun einnig skapa lykilhlutverki í því að geta sveiflujafnað mögulega uppbyggingu vindorkuvera á Íslandi.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra tekur undir ályktun Alþingis um að Holtavirkjun (R3130A), Urriðafossvirkjun (R3131A) og Skrokkölduvirkjun (R3126A) verði færð úr biðflokki yfir í orkunýtingarflokk.

Kjalölduveita (R3156A) snýst um að stífla Þjórsá, um 4 km sunnan friðlands Þjórsárvera. Með því móti mun vatni verða veitt yfir í Þórisvatn, sem undanfarin ár hefur ekki náð að fyllast og hefur ítrekað þurft að skerða afhendingu á skerðanlegri orku sökum skorts á vatni í Þórisvatni. Í dag rennur Þjórsá niður í Sultartanga og þaðan áfram í gegnum Búrfell I og Búrfell II. Kjalölduveita mun miðla því vatni þannig að þá nái að fara í gegnum allar virkjanir í efri hluta Þjórsár líka. Með bráðnun jökla á komandi árum og áratugum má gera ráð fyrir að innrennsli vatns í Þórisvatn minnki og því spilar Kjalölduveita mikilvægt hlutverk í því að tryggja vatnsbúskap fyrir núverandi virkjanir í efri hluta Þjórsár- og Tungnaársvæðisins til framtíðar. Að mati sveitarstjórnar Rangárþings ytra er því mikilvægt að taka ekki ákvörðun til framtíðar um að setja Kjalölduveitu í verndarflokk heldur halda henni áfram í biðflokki. Færa má verulega sterk rök fyrir því að færa ætti Kjalölduveitu í orkunýtingarflokk með tilliti til orkuöryggis og hversu mikið vatnamiðlunin styrkir núverandi virkjanir á Þjórsár- og Tungnaársvæðinu.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra vill koma því á framfæri að uppbygging grænnar orkuvinnslu er samvinnuverkefni ríkis og sveitarfélaga. Ríkisstjórnin og þingmenn Alþingis þurfa að gera sér grein fyrir því að til að halda áfram uppbyggingu frekari orkuvinnslu í núverandi skattaumhverfi og treystir sveitarstjórn Rangárþings ytra á það að boðaðar breytingar í skattlagningu orkuvinnslu verði að veruleika til þess að skapa sátt við nærumhverfi orkuvinnslu í framtíðinni og stuðli að frekari nýtingu orkunnar í nærsamfélagunum.



RANGÁRÞÍNG YTRA

Ég myndi vilja óska eftir að fá að koma fyrir Umhverfis- og samgöngunefnd til að fylgja þessari umsögn eftir og fá að fjalla ítarlegra um mikilvægi Þjórsár- og Tungnaársvæðisins fyrir orkuöryggi Íslands.

F.h. sveitarstjórnar Rangárþings ytra

Jón G. Valgeirsson
sveitarstjóri